# Endurskoðuð áætlun um framlagningu þingmála á vetrar- og vorþingi 2026[1]

| Forsætisráðherra | | |
|---|---|---|
| | | **Áætlaður útbýtingar-dagur eða staða máls** |
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins).** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (kæru- og úrskurðarnefndir).** | Fellt niður. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um laun forseta Íslands og lögum um Stjórnarráð Íslands (forsetaritari, handhafalaun o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 4. | **Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2024.** | Október – lögð fram. |
| Ónr. | **Skýrsla frá forsætisráðherra um framkvæmd þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland á árinu 2024.** [Lögð fram á haustþingi, utan þingmálaskrár]. | Október – lögð fram. |
| 5. | **Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.** | 31. maí. |
| 6. | **Skýrsla forsætisráðherra um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slíkt réttindi.** | 20. maí. |

[1] Ný mál eru auðkennd með því að þeim fylgir lýsing á efni. Niðurfelld mál eru með ljósara letri.

| ATVINNUVEGARÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um faggildingu o.fl. og lögum um staðla og Staðlaráð Íslands (endurskoðun).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993 (riðuveiki o.fl.).** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (skammtímaleiga, gagnaöflun og rekstrarleyfi).** | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (framleiðendafélög).** | Október – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til markaðssetningarlaga.** | Október – lagt fram. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005 (veltumörk tilkynningarskyldra samruna, samrunagjald o.fl.).** | Fellt niður. |
| 7. | **Frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.** | Október – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995 (SRD II).** | Október → 15. febrúar. |
| 9. | **Frumvarp til laga um náttúru- og innviðagjald.** | Fellt niður. |
| Ónr. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Afurðarsjóð Grindavíkurbæjar, nr. 74/2024 (framlenging).** [Lagt fram á haustþingi, utan þingmálaskrár]. | Nóvember – lagt fram. |
| 10. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna lax- og silungsveiði og fiskræktar (bætt lagaumgjörð).** | 1. febrúar. |
| 11. | **Frumvarp til laga um lagareldi.** | 1. febrúar. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði neytendamála (neytendasamningar, neytendakaup, stafræn þjónusta, markaðseftirlit o.fl.).** | Fellt niður. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.).** | 15. febrúar. |
| 14. | **Tillaga til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030.** | September – lögð fram. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Matvælastofnun, Fiskistofu o.fl. (sameining stofnana).** Með frumvarpinu er áformað að sameina Fiskistofu, Matvælastofnun og Verðlagsstofu skiptaverðs í eina stofnun, sem og að færa matvælaeftirlit frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til nýrrar stofnunar. | 15. febrúar. |
| 16. | **Frumvarp til laga um Hafrannsóknastofnun.** Með frumvarpinu er áformað að skýra lagaumhverfi hafrannsókna og treysta umgjörð um Hafrannsóknarstofnun bæði til að skýra hlutverk, markmið og stjórnun stofnunarinnar. | 15. febrúar. |
| 17. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o.fl. (VS).** Áformað er að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla þannig að ráðherra verði veitt heimild til þess að annars vegar endurráðstafa aflaheimildum sem fallið hafa niður vegna álagningar á óunninn afla og hins vegar úthluta fé úr Verkefnasjóði sjávarútvegs til | 1. mars |

| | | |
|---|---|---|
| | búnaðarkaupa fyrir viðbragðsaðila leitunar og björgunar á sjó, rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. | |

| DÓMSMÁLARÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afturköllun alþjóðlegrar verndar).** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um sýslumann.** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögreglulögum, almennum hegningarlögum, lögum um fullnustu refsinga, lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda (upptaka fjárhagslegs ágóða af brotum o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 (rekstur líkhúsa).** | September – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um almannavarnir.** | Október – lagt fram. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili, nr. 85/2011 (rafrænt eftirlit o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 7. | **Frumvarp til laga um brottfararstöð.** | Október – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa).** | Október – lagt fram. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stafrænnar og rafrænnar málsmeðferðar hjá sýslumönnum og dómstólum.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 10. | **Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (öryggisráðstafanir).** | Nóvember – lagt fram. |
| 11. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020 (skýrslugjöf um kynbundinn launamun).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögreglulögum (verndarsamkomulag ESB).** [Breytt fyrirsögn frumvarps]. | Janúar → 16. mars. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (bótafjárhæðir).** | Fellt niður. |
| 14. | **Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (atkvæðavægi).** | Febrúar → 16. mars. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (tálmun lögreglurannsóknar).** | Fellt niður. |
| 16. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (dvalarleyfi).** | Febrúar → 27. mars. |
| 17. | **Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026–2029.** | September – lögð fram. |
| 18. | **Tillaga til þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2026–2030.** | Janúar → 20. febrúar. |
| 19. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið, nr. 51/2021 (heimildir til skráningar brotamanna).**<br>Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að skrá í kerfið upplýsingar um ríkisborgara þriðju ríkja sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum eða öðrum alvarlegum afbrotum, að tillögu frá Europol. Einnig er mælt fyrir um aðgerðir sem heimilt er að | 23. janúar. |

| | | |
|---|---|---|
| | gripa til á grundvelli slíkrar skráningar. Breytingar þessar munu efla getu lögreglu til að sporna gegn skipulagðri brotastarfsemi, jafnt á landamærum sem og innan lands með auknum aðgangi að upplýsingum í kerfinu. Jafnframt er verið að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sem leiða af Schengen-samstarfinu. | |
| 20. | **Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, sveitarstjórnarlögum og lögum um lögheimili og aðsetur (sveitarstjórnarkosningar í Grindavíkurbæ).**<br>Með frumvarpinu er lagt til að þeir sem áttu lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023 hafi í sveitarstjórnarkosningum 2026 val um að kjósa í Grindavík eða því sveitarfélagi sem þeir eiga nú lögheimili í. Hvað varðar kjörgengi er lagt til að það haldist í hendur við ofangreindar sérreglur um kosningarrétt og haldist óbreytt út kjörtímabilið. Þá þarf að útfæra kjörgengi í nefndum sveitarfélagsins þannig að störf nefnda, stjórna og ráða séu óröskuð á kjörtímabilinu. | 5. febrúar. |
| 21. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (niðurlagning embætta).**<br>Með frumvarpinu er lagt að lögð verði niður fjögur embætti innan ákæruvalds og lögreglu, nánar til tiltekið embætti vararíkis-saksóknara, varahéraðssaksóknara, aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra. Ekki verði þó raskað við stöðu þeirra sem þegar gegna þessum embættum. | 25. febrúar. |
| 22. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016 (ýmsar breytingar).**<br>Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum laga um fullnustu refsinga sem varða reynslulausn og afplánun refsingar utan fangelsis og hugað að samspili þeirra við ákvarðanir um brottvísun af landinu í kjölfar afplánunar í þeim tilvikum þar sem um er að ræða fanga með lítil eða engin tengsl við landið. | 25. febrúar. |
| 23. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (sameiginleg vernd á grundvelli fjöldaflótta o.fl.).**<br>Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á 44. gr. laga um útlendinga sem fjallar um sameiginlega vernd á grundvelli fjöldaflótta, til samræmis við löggjöf Evrópusambandsins og löggjöf í Noregi og lagðar til breytingar á 9. gr. laga um útlendinga um flóttamannanefnd í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar að færa ábyrgðarsvið nefndarinnar frá félags- og húsnæðismála-ráðherra til dómsmálaráðherra. | 27. mars. |

| Félag- og húsnæðismálaráðherra | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (launavísitala).** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (dýrahald).** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.** [Breytt fyrirsögn frumvarps]. | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (almenn skráningarskylda leigusamninga og breyting leigufjárhæðar).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu (hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (eingreiðsla).** | Október – lagt fram. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi (fyrirkomulag greiðslna).** | Október – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarp.] | Nóvember – lagt fram. |
| 10. | **Frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 11. | **Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998 (hlutdeildarlán).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010 (einföldun byggingarreglugerðar og endurskoðun byggingareftirlits).** | 23. mars. |
| 14. | **Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (raflínuskipulag).** | 31. mars. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016 (fyrirkomulag stofnframlaga).** | 9. mars. |
| 16. | **Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029.** | 31. mars. |
| 17. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021 (rannsókn alvarlegra óvæntra atvika).** Frumvarpið felur í sér breytingar sem lúta að meðferð og rannsókn alvarlegra óvæntra atvika í félagslegri velferðarþjónustu. Markmið breytinganna er að tryggja að rannsókn slíkra atvika nái því markmiði að koma megi í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig. | 17. febrúar |

| FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026.** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2026.** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings 2024.** | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki.** | September – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (erlendar fjárfestingar).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta, tolla og gjöld (aðgerðir gegn peningaþvætti, viðurlög o.fl.).** | September – lagt fram. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (CRR III).** | September – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um verðbréfun.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 9. | **Frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 10. | **Frumvarp til laga um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September - lagt fram. |
| 11. | **Frumvarp til laga um markaði fyrir sýndareignir.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 12. | **Frumvarp til laga um uppbótarskatt á skattstofna innan samstæðna sem sæta lægri skatti en lágmarksskatti.** | Október → 31. mars. |
| 13. | **Frumvarp til laga um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 14. | **Frumvarp til fjáraukalaga IV fyrir árið 2025.** | Október – lagt fram. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna launaviðmiðs tiltekinna starfa samkvæmt sérákvæðum í lögum (laun þjóðkjörinna fulltrúa og embættismanna).** | Október → 31. mars. |
| 16. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um evrópska langtímafjárfestingarsjóði, nr. 115/2022 (einföldun).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 17. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta, gjöld o.fl. (tollar, leigutekjur o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 18. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (framkvæmd).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| Ónr. | **Skýrsla fjármála- og efnahagsráðherra um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs.** [Lagt fram á haustþingi, utan þingmálaskrár]. | Desember – lögð fram. |
| 19. | **Frumvarp til laga um varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja.** | Nóvember → 31. mars. |
| 20. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir og lögum um lánasýslu ríkisins (endurskoðun).** | 27. febrúar. |
| 21. | **Frumvarp til laga um fjárfestingar ríkisins.** | 27. febrúar. |
| 22. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir).** | 31. mars. |
| 23. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (uppgjörstímabil).** | Fellt niður. |
| 24. | **Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031.** | 27. mars. |

| | | |
|---|---|---|
| 25. | **Frumvarp til laga um innviðafélag. [Sbr. mál IRN nr. 8 á þingmálaskrá haustþings.]** | 27. febrúar. |
| 26. | **Frumvarp til laga um ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól íbúðarlána.**<br>Í frumvarpinu verður lagt til að heimild einstaklings til að ráðstafa skattfrjálst iðgjöldum til séreignarsparnaðar inn á höfuðstól íbúðarláns, sem tekið er til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, verði gerð varanleg. Almenn heimild til skattfrjálsrar ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á höfuðstól íbúðarlána var í gildi frá miðju ári 2014 en féll niður 1. janúar 2026. | 27. febrúar. |
| 27. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningar o.fl.).**<br>Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á starfsmannalögum sem fela í sér afnám áminningarskyldu sem undanfara uppsagnar annars vegar og lausnar um stundarsakir hins vegar. Jafnframt eru lagðar til breytingar á ákvæðum starfsmannalaga um setningu í embætti, lausn frá embætti, auglýsingaskyldu og greiðsludag launa. | 27. febrúar. |
| 28. | **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga (CSDR).**<br>Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð (ESB) 2023/2845 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar aga í uppgjöri, veitingu þjónustu yfir landamæri, eftirlitssamstarf, veitingu viðbótarbankaþjónustu og kröfur fyrir verðbréfamiðstöðvar þriðja lands og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 236/2012. Enn fremur er ráðgert að innleiða reglugerð (ESB) 2025/2075 um breytingu á reglugerð (ESB) 909/2014 að því er varðar styttingu á uppgjörstíma í Sambandinu. Til álita kemur jafnframt að lögfesta sérákvæði um skilyrði og framkvæmd umskráningar eða flutnings rafbréfa milli verðbréfamiðstöðva. *Innleiðing.* | 31. mars. |
| 29. | **Frumvarp til laga um evrópska þjónustuveitendur hópfjármögnunar fyrir fyrirtæki (ECSP).**<br>Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð (ESB) 2020/1503 um evrópska þjónustuveitendur hópfjármögnunar fyrir fyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1129 og tilskipun (ESB) 2019/1937. *Innleiðing.* | 31. mars. |
| 30. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019 (samræmd tjónavottorð o.fl.).**<br>Frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun (ESB) 2021/2118 sem breytir tilskipun 2009/103/EB sem fjallar um skyldu til ábyrgðartryggingar vegna notkunar vélknúinna ökutækja. Meðal breytinga er að tilnefna skal bótagreiðsluaðila vegna ógjaldfærni vátryggingafélags og skilgreiningu á ökutæki er breytt. Einnig er kveðið á um útgáfu samræmds tjónsvottorðs á innri markaði EES, ný skilgreining á notkun ökutækis kemur inn og settar eru reglur um hvernig haga skuli eftirliti með því að ökutæki sem koma til landsins séu með vátryggingu. *Innleiðing.* | 31. mars. |

| HEILBRIGÐISRÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til sóttvarnalaga.** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um lækningatæki (EES-reglur).** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (stafræn sjúkraskrá o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015 (sjúkrahjálp).** | Október – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar og lögum um ófrjósemisaðgerðir (ýmsar breytingar).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 6. | **Frumvarp til laga um brottfall laga um Heyrnar- og talmeinastöð, nr. 42/2007.** | Nóvember – lagt fram. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (takmörkun á beitingu nauðungar).** | Nóvember – lagt fram. |
| Ónr. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lækningatæki, nr. 132/2020 (EES-reglur).** [Lagt fram á haustþingi, utan þingmálaskrár]. | Nóvember – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (færni- og heilsumatsnefndir).** | Fellt niður. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (viðbrögð við lyfjaskorti).** | 30. janúar. |
| 10. | **Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, rafrettur og níkótínvörur.** | 27. febrúar. |
| 11. | **Tillaga til þingsályktunar um landsáætlun um sjaldgæfa sjúkdóma og einstaklingssniðna heilbrigðisþjónustu.** [Breytt fyrirsögn tillögu]. | 27. febrúar. |
| 12. | **Skýrsla heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd heilbrigðisstefnu til fimm ára.** | 29. maí. |
| 13. | **Skýrsla heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára.** | 29. maí. |
| 14. | **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun varðandi offitu, holdafar, heilsu og líðan.** Með vísan til markmiða sem lögð voru til í skýrslu starfshóps um offitu, holdafar, heilsu og líðan verður lögð fram tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun varðandi offitu, holdafar, heilsu og líðan. Í tillögunni verði lögð áhersla á almennar lýðheilsuaðgerðir sem tryggja tækifæri einstaklinga til heilsusamlegra lifnaðarhátta, gagnaöflun, eftirlit, ráðgjöf og meðferð í heilbrigðisþjónustu. | 30. mars. |

| INNVIÐARÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um leigubifreiðaakstur, nr. 120/2022 (öryggi og starfsumhverfi).** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, nr. 30/2023 (stefnumörkun).** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir skipa, nr. 82/2022 (áhafnir björgunarskipa).** | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjölmiðla (aðgerðir gegn svikastarfsemi, vernd fjarskiptasæstrengja, EES-reglur o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til sveitarstjórnarlaga.** | Október → 4. febrúar. |
| 6. | **Frumvarp til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga.** | Október → 20. mars. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á skipalögum, nr. 66/2021 (EES-reglur).** | Nóvember – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um innviðafélag.** | Fellt niður hjá IRN (verður lagt fram af FJR, sjá mál nr. 25). |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (fasteignamat orkumannvirkja).** | 20. mars. |
| 10. | **Frumvarp til laga um strandveiðar og byggðakvóta.** | 27. febrúar. |
| 11. | **Frumvarp til laga um Netöryggisstofnun Evrópu og netöryggisvottunarkerfi upplýsinga- og samskiptatækja.** | 27. febrúar. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur).** | Fellt niður hjá IRN (verður lagt fram af URN, sjá mál nr. 16). |
| 13. | **Tillaga til þingsályktunar um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040.** | September – lögð fram. |
| 14. | **Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030.** [Breytt fyrirsögn tillögu.] | Nóvember – lögð fram. |
| Ónr. | **Skýrsla innviðaráðherra um framkvæmd svæðisbundinnar flutningsjöfnunar á árinu 2025, sbr. 10. gr. laga um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011.** [Lögð fram á haustþingi, utan þingmálaskrár]. | Nóvember – lögð fram. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu lögum um fjarskipti nr. 70/2022 (EES-reglur).** Markmið frumvarpsins er að innleidd verði reglugerð Evrópusambandsins 2024/1307 um tímabundna undanþágu frá ePrivacy tilskipuninni til að sporna gegn barnaníð á Internetinu. Reynt var að breyta fjarskiptalögum vegna reglugerðarinnar á 153. löggjafarþingi (947. mál) en frumvarpið náði ekki fram að ganga. Þrátt fyrir það er ekki um endurframlagningu að ræða. *Innleiðing.* | 13. mars |

| MENNINGAR-, NÝSKÖPUNAR- OG HÁSKÓLARÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla).** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (námsstyrkir og endurgreiðslur).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010 (meðalhófsprófun, EES-reglur).** | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um menningarframlag streymisveitna til að efla íslenska menningu og íslenska tungu.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um stofnun gervigreindarmiðstöðvar.** | Fellt niður. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, kvikmyndalögum og bókasafnalögum (Kvikmyndasafn og Hljóðbókasafn).** | Fellt niður. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999 (framlenging gildistíma o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindi og nýsköpun.** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæður) og Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (gjaldtökuheimildir).** | Nóvember – lögð fram. |
| 10. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (endurskoðaður stuðningur við einkarekna fjölmiðla).** | Janúar → 16. febrúar. |
| 11. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu, nr. 23/2013 (viðskiptaboð).** | Janúar → 23. febrúar. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972 (EES-reglur, tilskipun um höfundarrétt á stafrænum markaði og tilskipun um netútsendingar og endurvarp).** | Fellt niður. |
| 13. | **Skýrsla Vísinda- og nýsköpunarráðs um stöðu vísinda og nýsköpunar hér á landi í alþjóðlegu tilliti, stefnumótun stjórnvalda og helstu samfélagslegu áskoranir.** | September → 31. mars. |
| 14. | **Skýrsla menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra um Tæknisetur og stöðu nýsköpunarstuðnings eftir niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.** | September → 14. janúar. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972 (hækkun refsiramma höfundalaga o.fl.)**<br>Ólögmæt notkun höfundaréttarvarins efnis, svokölluð „sjóræningjastarfsemi“ er útbreidd meinsemd í íslensku samfélagi sem hefur neikvæð áhrif á tekjumöguleika rétthafa, m.a. innlendra fjölmiðla. Með frumvarpinu er lagt til að hækka refsiramma höfundalaga, sem samkvæmt gildandi lögum er allt að tveggja ára fangelsi. Hækkun hámarksrefsinga vegna höfundaréttarbrota, með breytingu á 2. mgr. 54. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sendir skýr skilaboð gagnvart þessari þróun og er jafnframt ætlað að færa rannsókn lögreglu á málum, sem varða ólögmæta netdreifingu á höfundaréttarvörðu sjónvarpsefni, ofar á forgangslista kærumála hjá lögreglu. | 23. mars. |

| | | |
|---|---|---|
| 16. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999 (heildarendurskoðun).**<br>Markmið heildarendurskoðunar er að einfalda umsýslu og meta samkeppnisstöðu kerfisins í samanburði við sambærileg kerfi annars staðar með það fyrir augum að efla innlenda menningu og kynningu á sögu landsins og náttúru. Meðal annars er þarft að skýra hugtök, auka fyrirsjáanleika fyrir umsækjendur, umsýsluaðila og ríkissjóð auk þess að koma skipulagi á uppsetningu ákvæða til þess að auðvelda lestur laganna fyrir umsækjendur en lögin bera þess merki að þeim hefur verið breytt oft. Starfshópur á vegum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis gerir tillögu að breytingum í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti og aðila kvikmyndagerðar. | 31. mars. |

| MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (viðurkenning námsbrautarlýsinga o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla (miðlægur nemendagrunnur).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október → 19. janúar. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (símar og snjalltæki).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um barnavernd.** | Nóvember → 30. janúar. |
| 5. | **Frumvarp til laga um námsgögn.** | 1. mars. |
| 6. | **Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna.** | Nóvember → 31. mars. |
| 7. | **Tillaga til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaráætlun gegn fátækt barna.** | 31. mars. |

| | | |
|---|---|---|
| **UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐHERRA** | | |
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (raforkuviðskipti).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (EES-reglur, móttaka úrgangs í höfnum).** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulögum (orkuöflunarstefna, aukin skilvirkni o.fl.).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.** | Október – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (takmörkun vindorkunýtingar o.fl.).** | Október → 25. febrúar. |
| 6. | **Frumvarp til loftslagslaga.** [Breytt fyrirsögn frumvarps]. | Október → 28. mars. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 (skilagjald, umbúðir og uppfærslur viðauka)** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (ETS-kerfið).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004 (jöfnunargjald).** | Nóvember → 1. mars. |
| 10. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um matvæli (eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum).** | Nóvember → 20. febrúar. |
| 11. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 (nýting eigna á hættusvæðum o.fl.).** | Nóvember → 15. febrúar. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013 (EES-reglur, orkuskipti, sjálfbært flugeldsneyti).** | Nóvember → 28. febrúar. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og lögum um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (landtaka skemmtiferðaskipa, gjaldtaka o.fl. vegna Náttúruverndarstofnunar og bætt skilvirkni).** | 20. febrúar. |
| 14. | **Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (verkefni Raforkueftirlitsins, EES-reglur).** | 27. mars. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011 (skilvirkari stjórnsýsla, málsmeðferðarreglur).** | 27. febrúar |
| 16. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna innleiðingar EES-gerða um aukna notkun endurnýjanlegs eldsneytis (EES-reglur, orkuskipti, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum).** [Sbr. mál IRN nr. 12 á þingmálaskrá haustþings.] | 18. mars. |
| 17. | **Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár fyrir árin 2025-2029.** [Breytt fyrirsögn tillögu.] | September – lögð fram. |

| | | |
|---|---|---|
| 18. | **Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152.** [Breytt fyrirsögn tillögu.] | Nóvember – lögð fram. |
| 19. | **Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152.** [Breytt fyrirsögn tillögu.] | Nóvember – lögð fram. |
| 20. | **Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.** | 26. febrúar. |
| 21. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (leyfisveitingar vegna vísindarannsókna í hafi).**<br>Gert er ráð fyrir að frumvarpið kveði á um leyfisveitingar fyrir verkfræðilegar rannsóknarverkefni á hafi með hliðsjón af þróun alþjóðareglna á þessu sviði. Samkvæmt lögum nr. 41/1979 um landhelgi aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, sem eru á forræði utanríkisráðuneytis, eru vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands háðar samþykki íslenskra stjórnvalda. Í frumvarpinu verður gert ráð fyrir að hluti ábyrgðar á þeirri stjórnsýslu færist til Umhverfis- og orkustofnunar, þ.e. hvað varðar umsóknir um rannsóknarleyfi til einkaaðila vegna umhverfis- og loftslagsrannsókna. | 20. mars. |
| 22. | **Frumvarp til laga um aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (EES-innleiðing, CBAM).**<br>Frumvarpið felur í sér innleiðingu reglugerðar (ESB) 2023/956 um að koma á fót aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis. Kerfið mun fela í sér innflutningstolla á innbyggt kolefni í vörum með stórt kolefnisfótspor og hefur þ.a.l. það markmið að draga úr þess háttar innflutningi. Þá er markmið kerfisins að efla samkeppnishæfni vara með lágt kolefnisfótspor, s.s. framleiddum af starfsemi sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS-kerfið).<br>*Innleiðing.* | 20. mars. |

| UTANRÍKISRÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins utan lögsögu ríkja.** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 (bókun 35).** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um vegabréfsáritanir.** | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979 (afmörkun landgrunns).** [Breytt fyrirsögn frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 5. | **Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu uppfærðs fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Úkraínu, samnings um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Malasíu og fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Kósóvó.** [Breytt fyrirsögn tillögu.] | September – lögð fram. |
| 6. | **Tillaga til þingsályktunar um stefnu í varnar- og öryggismálum.** [Breytt fyrirsögn tillögu.] | September – lögð fram. |
| 7. | **Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbæra þróun.** | Október – lögð fram. |
| 8. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2024, nr. 70/2025 og nr. 118/2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.** [Breytt fyrirsögn tillögu.] | Október – lögð fram. |
| 9. | **Skýrsla utanríkisráðherra um framkvæmd EES-samningsins.** | Október → 10. febrúar. |
| 10. | **Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.** | 25. febrúar. |
| 11. | **Skýrsla utanríkisráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.** | 15. apríl. |
| 12. | **Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Mercosur-ríkjanna.**<br>Fullgilding þjóðréttarsamnings. | 5. febrúar. |
| 13. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023, nr. 333/2023, nr. 172/2025 og nr. 176/2025.**<br>Ákvörðun nr. 332/2023: Tilskipun (ESB) 2019/789 um reglur um reglur um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem gilda um tilteknar netútsendingar útvarpsfyrirtækja og endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis. Ákvörðun nr. 333/2023: Tilskipun (ESB) 2019/790 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum. Ákvörðun nr. 172/2025: Reglugerð (ESB) 2024/1860 um breytingu á reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 að því er varðar að innleiða Evrópska gagnabankann um lækningatæki (Eudamed) smám saman, skylduna til að tilkynna um það ef truflanir verða á afhendingu eða ef afhendingu er hætt og um umbreytingarákvæði vegna tiltekinna lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi. Ákvörðun nr. 176/2025: Tilskipun (ESB) 2018/2001 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Aflétting stjórnskipulegs fyrirvara. | 15. febrúar. |
| 14. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2024, nr. 68/2025 og nr. 243/2025 og ákvörðun sem fellir inn í EES-samninginn reglugerð (ESB) 2023/1805.** | 10. mars. |

| | | |
|---|---|---|
| | Ákvörðun nr. 30/2024: Reglugerð (ESB) 2020/1503 um evrópska þjónustuveitendur hópfjármögnunar fyrir fyrirtæki, tilskipun (ESB) 2020/1504 um breytingu á tilskipun 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga, framseld reglugerð (ESB) 2022/1988 um framlengingu á umbreytingartímabilinu til að veita áfram hópfjármögnunarþjónustu í samræmi við landslög o.s.frv. Ákvörðun nr. 68/2025: Tilskipun (ESB) 2021/2118 um breytingu á tilskipun 2009/103/EB um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að vátrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin. Ákvörðun nr. 243/2025: Reglugerð (ESB) 2023/2631 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf. Ákvörðun sem fellir inn í EES-samninginn reglugerð (ESB) 2023/1805 um notkun endurnýjanlegs eldsneytis og lágkolefniseldsneytis í sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (FuelEU). Aflétting stjórnskipulegs fyrirvara. | |
| 15. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir inn í EES-samninginn reglugerð (ESB) 2023/956.**<br>Reglugerð (ESB) 2023/956 um aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (CBAM). Aflétting stjórnskipulegs fyrirvara. | 10. mars. |